

Ársfundur 2009

Skýrsla deildarforseta myndlistardeildar á ársfundi Listaháskólans 25. nóv. 2009

STARFSÁRIÐ 2008 – 2009

Markmið myndlistardeildar er að skapa nemendum aðstöðu til að auka þekkingu sína og skilning á samtímamyndlist. Myndlistardeild stendur fyrir verkefnum á sviði listsköpunar, handverks og fræðigreina í því markmiði að hvetja nemendur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar sem skilar sér með markvissri framsetningu á sjálfstæðum myndverkum.

Nám í myndlistardeild Listaháskóla Íslands er þriggja ára nám, 180 eininga nám til B.A.-gráðu. Því lýkur með B.A. - verkefni sem felur í sér ritgerð um eigin verk, ferilmöppu og lokaverk sem sýnt er á útskriftarsýningu. Fullt nám á önn er 30 einingar. Námið skiptist á milli listsköpunar til 132 eininga og fræðigreina til 48 eininga.

Myndlistardeild sérhæfir sig í mótun og miðlun þekkingar í samtímamyndlist. Lögð er rík áhersla á að verkleg færni fari saman við þekkingu á listfræði; listasögu og listheimspeki. Boðið er upp á fjölbreytt nám með áherslu á fræðilega nálgun og verklega kennslu í þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til að ná árangri við störf eða frekara nám.

Nemendur eru hvattir til að móta sjálfstæða sýn á heiminn, þar sem innsæi, söguleg vitund og greinandi aðferðir eru hafðar að leiðarljósi. Tjáningu sinni, þekkingu, skoðunum eða tilfinningum koma nemendur á framfæri með myndrænum hætti, þar sem hugmyndalegar forsendur og niðurstöður sköpunarinnar eru settar í sögulegt samhengi og ræddar með greinandi hugtökum er snerta umræðu um samtímalistir.

Hlutverk myndlistardeildar er að vera leiðandi afl í myndlistarkennslu á háskólastigi. Að deildin verði vettvangur kennslu og rannsókna, upplýsinga og umræðu. Að nemendur og kennarar rækti tengls jafnt við almenning, listheiminn og atvinnulífið í landinu.

Áhersla er lögð á að tengja kennsluna við listsköpun nemenda með einstaklingsbundinni leiðsögn og er unnið með hugmyndir, úrvinnslu þeirra, framsetningu og gagnrýni.

Kennslan skiptist á milli tækni- og handverkskennslu, listsköpunar og fræðigreina. Megin áhersla er lögð á listsköpun og er sá þáttur námsins fyrirferðamestur. Hann fer fram á vinnustofum nemenda og á skipulögðum námskeiðum þar sem tekin eru fyrir margskonar verkefni.

Verkstæði myndlistardeildar eru mikilvægur kennslu- og þjónustuvettvangur fyrir nemendur. Þar fer fram fjölbreytt kennsla og kynningar, Nemendum gefst kostur á að nota verkstæðin til útfærslu eigin verka auk þess sem umsjónarmenn aðstoða nemendur við úrlausnir verkefna.

Listfræði, auk listheimspeki, er mikilvægur þáttur listkennslunnar. Lögð er áhersla á sögulegan skilning nemenda, að þeir átti sig á stöðu sinni í framvindu listasögunnar og geti nýtt sér þá þekkingu list sinni og listhugsun til framdráttar. Kennsluaðferðir eru í formi fyrirlestra, umræðna og hvers kyns verkefna, s.s. ritgerða og rannsóknarverkefna.

Leitað er eftir samstarfi við starfandi listamenn, stofnanir og fyrirtæki innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi um kennslu og þátttöku í sérhæfðum verkefnum sem ætlað er að skapa tengingu við tíðaranda og viðfangsefni listarinnar, viðhorf og lífsstíl listamanna.

Alls stunduðu 83 nemendurnám við myndlistardeild, 59 konur 24 karlar, 1 hætti námi.

Fyrir skólaárið 2008-2009 bárust 89 umsóknir um nám við deildina þar af 10 frá erlendum ríkisborgurum. 25 umsækjendur voru teknir inn. Að jafnaði stunda 2 til 4 erlendir ríkisborgarar nám við deildina í hverjum árgangi.

Skólaárið 2008 til 2009 voru haldin 66 námskeið á vegum myndlistardeildar, 18 fræðileg og 48 verkleg námskeið.

Erlendir skiptinemendur 2008-9, voru alls 11 yfir árið (7 á vorönn og 4 á haustönn) og 6 nemendur deildarinnar fóru erlendis sem skiptinemar (allir á vorönn).

Alls útskrifaði myndlistardeild 24 nemendur vorið 2009, 17 konur og 7 karla.

KENRAR OG STARFSFÓLK

Skólaárið 2008 – 2009 störfuðu við myndlistardeild, auk deildarforseta 5 fastráðnir kennarar: prófessorarnir Anna Línal og Katrín Sigurðardóttir voru í hálfu starfi, Ólafur S. Gíslason ásamt Hulda Stefánsdóttir voru í fullu starfi en Hulda var ráðin prófessor við deildina haustið 2008. Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir fagstjóri fræðigreina var í hálfu starfi. Anna Línal lét af störfum s.l. sumar eftir 9 ár í starfi prófessors.

Starfsmenn verkstæða voru þrír:
Sigrún Harðardóttir í vídeóveri
Jóhann Thorfason á prentverkstæði
Gulleik Lövska á smíðaverkstæði
Eric Volf í ljósmyndaveri

Stundakennarar og gestir á námskeiðum voru alls 61 skólaárið 2008 til 2009
Gestafyrirlesarar voru 20. (aok þess sem prófessorar og ýmsir kennarar héldu hádegisfyrirlestra í Opna listaháskólanum)

Erlendir gesta- og skiptikennarar voru:
Ilaria Bonacossa, Shirin Neshat, Jean Philippe Antoine, Jyrki Siukonen og Ólafur Elíasson

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

OPNIR FYRIRLESTRAR MYNDLISTARDEILDAR

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna áhugaverð erindi eða kynningar um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna og hvetja til umræðu um margþætt álitamál úr heimi lista og samtímameningar. Fyrirlestrarnir eru afar mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna. Reglulegir fyrirlestrar fara

fram í hádeginu á mánudögum í Laugarnesi, en einnig eru í boði sérstakir fyrirlestrar um helgar og á kvöldin. Fyrirlestrarnir eru einingabærir og eru nemendur sérstaklega hvattir til að stunda þá. Alls voru 21 opin fyrirlestur haldinn sl. skólaár.

NEMENDAGALLERÍ

Nemendafélag myndlistardeildar rak Kaffistofuna, sýningarsal á Hverfisgötu. Nemendur reka sjálfir salinn og skipuleggja þar sýningar og ýmsa viðburði. Alls voru um 20 sýningar í galleríinu sl. skólaár.

ÚTSKRIFTARSÝNING AÐ KJARVALSSTÖÐUM

Eins og undafarin ár var myndlistardeild í samvinnu við hönnunar- og arkitektúrdeild og Listasafn Reykjavíkur um framkvæmd útskriftarsýningar sem fór fram að Kjarvalsstöðum dagana 23. apríl til 3. maí 2009. 22 nemendur myndlistardeildar tóku þátt í sýningunni.

KUBBURINN er sýningarsalur myndlistardeildar. Þar eru settar upp sýningar og verkefni nemenda. Auk nemendasýninga voru tvær sýningar á vegum deildarinnar í Kubbum; **List í frjálsum falli**, Ósk Vilhjálmstöðvar opnaði sýningu og skapaði vettvang fyrir umræður um list og listsköpun, listaháskóla og samfélag, list og peninga, list og pólitík, list og byltingu, list og anarkisma, list og terrorisma. Haldnir voru súpufundir í hádeginu með umræðum. Auk þess voru kvikmyndasýningar og uppákomur.

Skjól, sýning Kristins G. Harðarsonar 6.- 29. mars. Sýningin var hluti af námskeiði í sýningagerð og sýningastjórn sem er samstarfsverkefni myndlistarnema við Listaháskóla Íslands og listfræðinema við Háskóla Íslands. Umsjón með verkefnum höfðu Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir og Kristinn G. Harðarson. Nemendur unnu margvísleg verkefni er koma að gerð sýningarinnar og héldu fyrirlestur um verk Kristins. Gefin var út sýningarskrá og opnuð vefsíða með myndum og texta.

SAMSTARF

Myndlistardeild leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla og stofnanir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðið nám eða námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli. Myndlistardeild og hugvísindasvið Háskóla Íslands vinna saman að rekstri náms í listfræði en HÍ býður upp á B.A.-nám í listfræði. Þar sem stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu: listasöfn, menningar-miðstöðvar, vinnustofur listamanna, gallerí, fyrirtæki og smiðjur. Í sumum tilfellum byggir samstarfið á formlegum grundvelli en í öðrum tilfellum er samvinnan laustengdari. Meðal stofnana má nefna: Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið, Menningarmiðstöðina Skaftfell, Listahátíð í Reykjavík ofl.

VINNUSTOFA MEÐ gestalistamanni

Ilaria Bonacossa sýningarstjóri, m.a. við Fondazione Sandretto Re Rebaudengo í Torino á Ítalíu var gestur myndlistardeildar á vorönn. Bonacossa hélt fyrirlestur við Opna Listaháskólann, tók þátt í málstofu 2. og 3. árs, auk þess að vera sérstakur ráðgjafi dómnefndar um lokaverk á útskriftarsýningu vorið 2009.

Shirin Neshat var með fyrirlestur og síðan masterklass í Vídeóveri í september við góðar undirtektir nemenda myndlistadeildar. Shirin Neshat var gestur Reykjavík International Film Festival. Koma Neshat var samvinnuverkefni hátíðarinnar, Listasafns Íslands og myndlistardeildar.

Jean-Philippe Antoine, myndlistarmaður, heimspekingur og prófessor í fagurfræði og listheimspeki við myndlisardeild Parísarháskóla, París 8. Hann hélt fyrirlestur við myndlistardeild annars vegar og hins vegar málstofu 2. & 3. árs myndlistardeildar.

GJÖRNINGAANNÁLL

Rannsóknarverkefni haldið í samstarfi við Nýlistasafnið um gjörningalist á Íslandi. Unnið var í nánnum samskiptum og samstarfi við listamenn og stjórn Nýlistasafnsins. Nemendur námskeiðsins sáu um móttöku, flokkun og skráningu á heimildum um gjörningaverk. Söfnun heimildanna/verkanna fól í sér samtal/viðtal við tiltekna listamenn og heimsóknir á vinnustofur þeirra.

SUÐSUÐVESTUR

Námskeið um samtímamyndlist, viðfangsefnið var Suðurnesin og myndlistarsýning í sýningarstaðnum Suðsuðvestur sem er sýningarstaður og vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt.

(Listamenn sem útfæra hugmyndir sínar í mismunandi miðla og vekja upp spurningar og umhugsun um samtímann. Suðurnesin verða sett undir smásjá. Verkefnið hófst með því að farið var í vettvangsferð og sýningarstaðurinn Suðsuðvestur skoðaður. Síðan hófst rannsóknarferli þar sem Suðurnesin voru skoðuð út frá mismunandi sjónarhornum. Hver og einn þátttakandi bjó til sitt eigið rannsóknarferli samkvæmt þeirri hugmyndafræði og samhengi sem verkið kallaði á. Verkefnið byggðist á mikilli samvinnu og frjóu einstaklingsframtaki.

RAFLOST FESTIVAL 2009

Dagana 5. – 9. maí 2009 var svo haldin vinnustofa í vídeóveri myndlistadeildar í tengslum við hátíðina Raflost. Þátttakendur voru alls um 40 fyrir utan kennara og leiðbeinendur, 20 nemendur frá Listaháskólanum þar af 9 frá myndlistadeild ásamt um 20 finnskum nemendum. Raflost Festival var samvinnuverkefni Lorna, myndlistardeildar, DAMA, Tónlistarskóla Kópavogs, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Háskólans í Reykjavík, Lapland University og Slátur. Hátíðin var mjög vel heppnað, góð samvinna var milli nemenda sem skipt hafði verið upp í 6 hópa og unnu nemendur saman ekki einungis milli deilda heldur einnig milli landa. Afrakstur Raflosts var síðan sýndur á vel heppnuðu gjörningakvöldi í Laugarnesi.

PIXLAVERK

Á haustmisseri voru haldnar vinnustofur í tengslum við hátíðina Pixlaverk. Hátíðin vinnur með rafræna miðla og voru vinnustofurnar haldnar í vídeóveri myndlistardeildar fyrir listamenn, áhugafólk og nemendur.

SEYÐISFJÖRÐUR VINNUSTOFA

Líkt og undanfarin ár var haldið vinnustofunámskeið á Seyðisfirði. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Skaftfell menningarmiðstöð, Tækniminjasafnið og Dieter Roth akademíuna. Auk þess leggja fyrirtæki og einstaklingar námskeiðinu lið. Nemendur voru alls tíu þar af tveir erlendir nemendur en námskeiðið er hluti af skiptinemaprógrammi KUNO. Námskeiðið endaði líkt og fyrri ár með sýningu nemenda í Skaftfelli.

KUNO - SAMSTARFSNET NORRÆNA LISTAHÁSKÓLA

Haldin var ráðstefna fyrir kennara norrænna listaháskóla í Tallin.

Á ráðstefnunni voru kynnt og rædd listverkefni kennara við listaháskóla. Alls sóttu 3 kennarar myndlistardeildar ráðstefnuna.

AÐSTAÐA

Þrátt fyrir miklar úrbætur á húsnæði deildarinnar í Laugarnesi og tækjakosti háir það deildinni að geta ekki verið í nánara samstarfi við aðrar deildir skólans, sér í lagi hönnunar- og arkitektúrdeild. Það er því nauðsynlegt að finna sem fyrst varanlega lausn á húsnæðismálum skólans.

STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Undanfarin ár hefur verið unnið að skipulagningu á meistarnámi við myndlistardeild. Gert er ráð fyrir annars vegar námsbraut í listsköpun: MFA Meistargráða í myndlist (Master of Fine Arts) og hins vegar námsbraut í sýningarstjórnun: MA Meistaragráða í sýningarstjórn, gagnrýni og skrifum um myndlist (Master in Curatorial Studies, Art Criticism and Writing). Brýnt er að hefja kennslu á meistarstigi en frá stofnun deildarinnar hefur deildin ólíkt öðrum deildum skólans ekki stækkað. Þvert á móti var nemendum fækkað 2003 um 25% og kennarastöður lagðar niður. Til að eðlileg þróun geti átt sér stað á náminu þarf auk meistaranáms að fjölga aftur nemendum á BA stigi sem og stöðugildum við deildina. Við það skapast fjölbreyttara nám og starfsemi deildarinnar verður öflugri og hún betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu.

KENRARAR, FYRIRLESARAR OG GESTIR MYNDLISTARDEILDAR SKÓLAÁRIÐ 2008 – 2009

Fastráðnir prófessorar og fagstjóri fræðigreina:

Anna Guðrún Línal

Hulda Stefánsdóttir

Ólafur Sveinn Gíslason

Katrín Sigurðardóttir

Hanna Guðlaug Guðmunds (Sigrún Sigurðardóttir leysti hana af um tíma)

Umsjónarmenn verkstæða

Eric Richard Wolf

Gulleik Lövskar

Sigrún Harðardóttir

Jóhann Lúðvík Torfason

Stundakennarar og gestir:

Aðalheiður L Guðmundsdóttir

Anna Hallin

Anna Jóhannsdóttir

Auður Ólafsdóttir

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Ásmundur Ásmundsson

Birta Guðlaug Guðjónsdóttir

Bjargey Ólafsdóttir

Björn Roth

Brynhildur Þorgeirsdóttir

Daníel Karl Björnsson

Einar Falur Ingólfsson

Einar Garibaldi Eiríksson

Eiríkur Þorláksson

Eirún Sigurðardóttir

Elín Hansdóttir

Erling Klingenberg

Eygló Harðardóttir

Finnbogi Pétursson

Finnur Arnar Arnarson

Gabríela Friðriksdóttir

Guðný Rósa Ingimarsdóttir

Guðrún Einarsdóttir

Guðrún Gunnarsdóttir

Guðrún Eva Mínervudóttir

Guðrún Hildur Rosenkjær

Gunnar Árnason

Gunnar Jóhannes Árnason

Haraldur Jónsson

Hannes Lárusson

Hekla Dögg Jónsdóttir

Helena Hansdóttir

Helgi Þorgils Friðjónsson

Hildur Bjarnadóttir

Hjálmar Sveinsson

Hlynur Helgason

Hrafnhildur Schram

Hrafnkell Sigurðsson

Huginn Þór Arason

Ingólfur Örn Arnarsson

Jeannette Castioni

Jón B K Ransú

Jón Óskar Hafsteinsson

Kolbeinn Hugi Höskuldsson

Kristinn G Harðarson
Kristín Björk Kristjánsdóttir
Kristleifur Björnsson
Lára Marteinsdóttir
Margrét Elísabet Ólafsdóttir
Oddný Kristjánsdóttir
Ólafur Árni Ólafsson
Ólöf Nordal
Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir
Ósk Vilhjálmsdóttir
Ragna Sigurðardóttir
Sigurborg Stefánsdóttir
Unnar Örn Jónasson Auðarson
Úlfhildur Dagsdóttir
Þóra Þórisdóttir
Þóroddur Bjarnason
Æsa Sigurjónsdóttir

Gestafyrirlesarar:

Áslaug Thorlacius
Börkur Arnarson
Christian Philipp Schoen
Davið Örn Halldórsson
Einar Falur Ingólfssons
Guðmundur Oddur Magnússon
Gerla, Guðrún Erla Geirsdóttir
Dorothee Kirch og Markúr Þór Andrésson
Hrafnhildur Arnardóttir
Ingirafn Steinarsson
Karlotta Blöndal
Knútur Bruun
Kristinn E Hrafnsson
Rúrí
Rakel McMahon og Svala Ragnarsdóttir
Sara Riel
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Steinunn Helgadóttir
Þorvaldur Þorsteinsson

Gestakennarar, erlendir

Ilaria Bonacossa, Shirin Neshat, Jean Philippe Antoine, Jyrki Siukonen, Ólafur Elíasson